



## Sjúkrasjóður félagsmanna í Kennarasambandi Íslands

Stjórn sjúkrasjóðs KÍ endurskoðar úthlutunarreglur að öllu jöfnu einu sinni til tvisvar á ári, nú síðast í október 2016. Þær breytingar munu taka gildi **15. nóvember 2016**.

Ef um breytingu verður að ræða við gildistöku nýrra reglna þá er hún auðkennd *með skáletri*.

Almenn réttindi: Sjóðfélagi öðlast rétt til úthlutunar úr Sjúkrasjóði eftir 6 mánaða iðgjaldagreiðslur í hann.

Launalaust leyfi: Réttur til úthlutunar fellur niður á meðan, en stofnast að nýju við fyrstu iðgjaldagreiðslu eftir leyfi. Stjórn KÍ getur heimilað sjóðfélaga í launal. leyfi að gr. félagsgj.eitt ár í senn og halda réttindum.

Fæðingarorlof: Sjóðfélagi getur valið að greiða stéttarfélagsgjald og þá halda fullum réttindum.

Atvinnuleysisbætur: Sjóðfélagi sem greiðir stéttarfélagsgjald af bótum heldur fullum réttindum.

Sjúkradagpeningar: Réttur til nýs sjúkradagpeningatímabils stofnast aftur þegar sjóðfélagi hefur greitt 6 mánuði í sjóðinn eftir að síðasta dagpeningatímabili lauk.

**Ath.: Kvittanir í sjúkrasjóð mega ekki vera eldri en tólf mánaða.**  
**Staðgreiðsla skatta er tekin af styrkupphæð, skv. skattþrepi 2 (38,35%) af öllum styrkjum að undanskyldum útfararstyrkjum.**

### Forvarnir - Krabbameinsleit

- Reglubundin krabbameinsleit (kembileit), að upphæð 4.400 / 6.300 kr. á tólf mánaða tímabili. / Breyting skv. *nýjum reglum: 4.400 / 6.600*.
- Framhaldsskoðun, að hámarki 20.000 kr. á tólf mánaða tímabili.
- Ristilsskoðun, að hámarki 30.000 kr. á tólf mánaða tímabili.
- Skoðun á blöðruhálskirtli, að hámarki 30.000 kr. á tólf mánaða tímabili.

### Forvarnir - Hjartavernd, áhættumat

Áhættumatsskoðun hjá Hjartavernd eða sambærilegum aðila, að hámarki 22.900 kr. / *Með gildistöku nýrra reglna mun þessi styrkur lækka í 10.000 kr.*

### Meðferð – Nudd, hnykkjun, nálastunga o.fl.

Sjóðfélagar geta sótt um að hámarki 3.500 kr. styrk fyrir 10 skipti innan flokksins á 12 mán. tímabili í:

- Nudd - *Með gildistöku nýrra reglna verður eingöngu veittur styrkur vegna sjúkranuðs.*
- Höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun – *Með gildistöku nýrra reglna fellur þessi styrktarliður út*
- Nálastungumeðferð
- Alexandertækni
- Hnykkjara (kírópraktor)
- Með gildistöku nýrra reglna bætist Osteopátía við þennan styrktarflokk

### Meðferð – Sálfræðimeðferð og/eða meðferð hjá félagsráðgjafa.

Sjóðfélagar geta sótt um að hámarki 10.000 kr. styrk fyrir 10 skipti innan flokksins á 12 mán. tímabili hjá:

- Félagsráðgjafa
- Sálfræðingi
- Listmeðferðarfræðingi
- Fjölskylduráðgjafa – *Mun falla út við gildistöku nýrra reglna*

### Meðferð - Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talmeinafræðingur.

Sjóðfélagar geta sótt um að hámarki 4.000 kr. styrk, í allt að 30 skipti vegna einkameðferðar hjá:

- Sjúkraþjálfara

- Iðjubjálfa
- Talmeinafræðingi

### Meðferð - Hætta að reykja

- Sjóðfélagar geta sótt um styrk til að sækja námskeið til að hætta að reykja hjá viðurkenndum aðilum, s.s. Krabbameinsfélaginu og heilsuverndarstöðvum, að hámarki 25.000 kr. **Meðferð - Á NLFÍ og húðmeðferð á Lækningalind Bláa lónsins / Skv. nýjum reglum þraut**

Styrkur vegna meðferðar á Heilsustofnun NLFÍ og húðmeðferðar á Lækningalind Bláa lónsins nemur 5.000 kr. á dag í allt að 28 daga.

Með nýjum reglum bætist nýr styrktarliður við: **Endurhæfing hjá þraut.** Greiddar eru að hámarki 35.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili.

### Fæðingarstyrkur

Fæðingarstyrkurinn er 215.600 kr. miðað við fullt starf 6 mánuði fyrir fæðingu barns eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma, og taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof.

Hægt er að nýta styrkinn upp að 18 mánaða aldri barns. Umsókninni þarf að fylgja:

- Fæðingavottorð barns
- Eyðublað vegna fæðingarstyrks sem hægt er að finna á heimasíðu KÍ.

### Glasafrrjóvgun, tæknisæðing, ættleiðing

- Glasafrrjóvgunar eða tæknisæðingar: Sjóðurinn endurgr. hluta kostnaðar, að hámarki 200.000 kr.
- Ættleiðingar: Sjóðurinn greiðir hluta kostnaðar, að hámarki 300.000 kr. fyrir hvert barn.

### Heyrnartæki, gleraugu, laseraðgerðir

- Heyrnartæki: Styrkur getur numið allt að 45% af kaupverði tækjabúnaðar.
- Gleraugu: Styrkur er veittur einu sinni á hverjum 24 mánuðum sem nemur 30% af heildarkostnaði. Ekki er veittur styrkur nema kostnaður vegna gleraugnakaupa fari yfir 30.000 kr.
- Laseraðgerð á augum: Styrkur getur numið að hámarki 60.000 kr. fyrir hvort auga (eða 120.000 kr. fyrir bæði augu). Sama gildir um augasteinsaðgerðir. *Með gildistöku nýrra reglna hækkar styrkurinn uppí 70.000 kr. fyrir auga eða 140.000 kr. fyrir bæði augu.*

### Kostnaðarsöm aðgerð/meðferð

Sjóðstjórn er heimilt að veita styrki vegna kostnaðarsamra aðgerða eða meðferða sem sjóðfélagi fer í samkvæmt læknisráði. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að sjóðfélagi hafi fengið afsláttarkort hjá Sjúkratryggingum Íslands og að útlagður kostnaður fari yfir 40.000 kr. umfram greiðslu frá Sjúkratryggingum. Umsókn þarf að fylgja:

- Yfirlit um endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands
- Nokkrir reikningar til stuðnings yfirlitinu

### Tannlæknakostnaður

- Styrkur veittur vegna kostnaðar umfram 300.000 kr. *Með gildist. nýrra reglna, umfram 250.000 kr.*
- Hámarksstyrkur er 210.000 kr. *Með gildistöku nýrra reglna verður hann 250.000 kr.*
- Styrkur er ekki greiddur vegna aðgerða sem einungis eru gerðar í fegrunarskyni.

### Útfararstyrkur

Sjóðurinn greiðir útfararstyrk allt að 350.000 kr. vegna andláts sjóðfélaga eða barna hans 20 ára og yngri. Enn fremur greiðir sjóðurinn útfararstyrk allt að 250.000 kr. vegna andláts fyrrverandi sjóðfélaga allt að fimm árum eftir að hann hefur hætt störfum vegna aldurs eða örorku. Útfararstyrkur greiðist til lögerfingja.

- Með umsókn vegna útfararstyrks sjóðfélaga skal fylgja útskrift úr dánarskrá viðkomandi sýslumannsembættis auk umsóknareyðublaðs um útfararstyrks.
- Með umsókn útfararstyrks vegna barns skal fylgja dánarvottorð ásamt reikningum fyrir útlögðum kostnaði við útför. Ekki er tekin staðgreiðsla af útfararstyrk, líkt og af öðrum styrkjum sjóðsins.

### Sjúkradagpeningar

Sjúkrasjóður KÍ greiðir sjúkradagpeninga til sjóðfélaga sem er í starfi en lendir tímabundið út af launaskrá eða verður fyrir skerðingu á launum vegna veikinda eða slyss. Upphæð dagpeninga er 11.000 kr. á dag. Greiddir eru 30 d. í mán. (330.000 kr. m.v. 100% starf). Réttur til dagpeninga m.v. veikindarétt sjóðfélaga en þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa. / *Skv. nýjum reglum þá hækka sjúkrad. í 12.500 kr. á dag.*

Einnig hægt að sækja um sjúkradagpeninga vegna:

- Langtímaveikinda barna. Veikindin staðið í a.m.k. þrjá mánuði.
  - Veikinda maka. Ef tekjuskerðing verður vegna lagntímaveikinda maka í a.m.k. 3 mán.
  - Atvinnuleysis: Heimilt að gr. sjúkradagpeninga í allt að 3 mán. ef greitt hefur verið af atvl.bótum.
  - Sérstakra tilvika: Þá er heimilt að greiða sjúkradagp. eftir að ráðningartímabili lýkur, í allt að 6 mán.
- Sjá nánar reglur um sjúkradagpeninga: <http://www.ki.is/styrkir-og-sjodir/sjukrastjodur/styrkir#sjukradagpeningar>